

Mánudaginn 19. janúar 1959.

Nr. 150/1958. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Magnússon Guðlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1958.

Ár 1958, mánudaginn 14. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3219/1958: Ákærvaldið gegn Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. f. m., er opinbert mál höfðað gegn Guðjóni Magnússyni Guðlaugssyni sjómanni, til heimilis í Skálholti í Grindavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 1. marz 1958 í íbúðarherbergi í rishæð hússins nr. 12 B við Eskihlíð hér í bæ ráðizt að unnustu sinni, Sigríði Hreiðar Sigurðs dóttur, og stungið hana tvisvar eða þrisvar sinnum með hníf

undir holhönd vinstra megin með þeim afleiðingum, að stúlkan beið bana.

Í ákæruskjali er brot þetta talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. marz 1926 í Grindavík.

Á árunum 1944 til 1948 var hann þrisvar sektaður fyrir ölvun og óspektir og einu sinni fyrir ölvun um kr. 25,00 til kr. 200,00 í hvert sinn, en að öðru leyti hefur hann eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 2. marz sl. kl. 17.25 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt frá lögreglustöðinni, að grunur lægi á því, að stúlka hefði verið myrt í herbergi í rishæð hússins Eskihlíð 12 B og að líkið væri þar í herberginu. Samtímis tilkynnti lögreglustöðin þetta lögregluþjónum, sem voru í lögreglubifreið á Hverfisgötu, og fóru þeir samkvæmt fyrirmælum frá stöðinni tafarlaust á vettvang. Ingólfur Þorsteinsson, yfirvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, sem tók við tilkynningunni af rannsóknarlögreglunnar hálfu, ók tafarlaust á vettvang eftir að hafa beið lögreglustöðina að ná sambandi við borgarlækni og biðja hann að koma á vettvang. Þegar yfirvarðstjórinn kom þangað, voru í ganginum fyrir utan herbergið, sem líkið var í, fimm lögregluþjónar, en í öðru herbergi sömu íbúðar voru Sigurgeir Guðnason sjómaður, Skólavörðustíg 35, 61 árs að aldri, og dótturdóttir hans, Ingunn Ólafsdóttir, 16 ára, til heimilis hjá honum. Kom þá strax fram, að Sigurgeir hafði opnað herbergið, sem líkið var í, og séð það, en Ingunn þá þegar gert lögreglunni aðvart. Eftir að hafa fengið nauðsynlegustu upplýsingar hjá Sigurgeir náði yfirvarðstjórinn símasambandi við Svein Sæmundsson, yfirlögregluþjón í rannsóknarlögreglunni, og Ragnar Vigni, forstöðumann tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, og komu þeir brátt á vettvang. Enn fremur náði lögreglan í kvenlögregluna, sem tók að sér að hughreysta Ingunni og koma henni í burtu, en henni hafði orðið mjög mikið um aðkomuna.

Eigi tókst strax að ná í borgarlækni, en þess í stað var náð í prófessor Sigurð Samúelsson yfirlækni, sem kom á vettvang hið skjótasta og athugaði líkið, en rannsóknarlögreglan gerði athugun á vettvangi öllum. Samkvæmt skýrslu yfirlæknisins og rann-

sóknarlögreglunnar lá líkið á legubekk undir sæng og með kodda undir höfði. Það lá á bakinu, nærri teinrétt, en hallaðist aðeins til hægri hliðar, og lá höfuðið út á hægri öxlina. Hægri handleggur lá upp á brjostið, en sá vinstri niður með síðunni. Allmikið blóð hafði runnið úr vitum líksins, og var sængin nokkuð blóði drifin í þann endann, sem vissi að höfðinu. Líkið var kalt og stirðnað, og taldi yfirlæknirinn ljóst, að stúlkan hefði látizt fyrir alllögum tíma. Hann sá, að líkið var klætt í brjóstahaldara og venjuleg undirföt, sem virtust vera í beztu reglu.

Þar sem þess var beðið, að vettvangur yrði ljósmyndaður, fór yfirlæknirinn á brott, án þess að líkið væri hreyft úr stað, en mjög skömmu síðar, um kl. 18.00, kom fulltrúi borgarlæknis, Haraldur læknir Guðjónsson, og skoðaði líkið. Skýrsla hans er í samræmi við framanskráða lýsingu, en til viðbótar segir svo í skýrslunni: „Rétt aftan og neðan við vinstri holhönd voru tvö stungusár, bæði greinilega djúp og með skörpum, ómörðum brúnum. Vall ljósgulleitur, þunnur vessi úr þeim báðum, er líkið var hreyft. Þriðja sárið var aftan til og ofarlega á vinstra upphandlegg, en það var grunnt. Mjög lítil blóðstorka var í þessum sár-um. Á veggnum voru blóðyrjur fram og upp frá vinstri öxl líksins, eins og það lá, er ég skoðaði það. Einnig var blóð og vessa-pollur á gólfinu aftan við legubekkinn við vegginn. Er líkið var klætt úr, fannst kviður nokkuð uppþaninn. Engin önnur áverka-merki var að sjá eða finna á líkinu.

Eins og að framan greinir, var líkið alstirt og kalt og líkblettir greinilegir, er ég skoðaði það. Þar eð venjulegur stofuhiti var í herberginu, tel ég, að dauði konunnar hafi átt sér stað fyrir minnst 16—20 klst.

Staðsetning og fjöldi umræddra stungusára svo og aðrar aðstæður benda til þess, að konan hafi ekki getað veitt sér þessa áverka sjálf. Sennilegast er, að annað eða bæði sárin neðan og ofan til við holhöndina hafi náð inn í lunga og valdið blóðuppgangi þeim, sem fyrr er nefndur. Þykir mér líklegt, að stungusár þessi hafi orðið konunni að bana.“

Rannsóknarlögreglumönnum virtist vera ljóst, að þarna hefðu engin átök orðið, og eigi var svo að sjá, að hin látna hefði brot-izt um, þegar hún var stungin.

Fyrir framan legubekkinn var borð og á því glös og flöskur, og virtist ekkert hafa hreyfzt, hvorki borðið né það, sem á því var. Það virtist ljóst, að hin látna hafði farið úr utanyfirfötum og lagzt undir sæng á legubekkinn með eðlilegum hætti. Kápa

hennar lá á legubekk við norðurvegg í herberginu, — hinn legubekkurinn var við suðurvegginn, — kjóll og undirkjóll lágu á stól innst í herberginu, sokkarnir á litlu borði og skórnir á gólfinu framan við legubekkinn.

Á borðinu fyrir framan legubekkinn við suðurvegginn var tóm briggja pela koníaksflaska, tvær flöskur undan gosdrykkjum og vatnsglas nærri fullt af vatni með hvítleitri leðju á botninum. Reyndist þetta vera aspirín, og pillur, sem voru í flösku í eldhúsinu, reyndust vera aspirín.

Á litlu borði innan við hitt borðið voru tvö vatnsglös, sem sennilega höfðu verið notuð nýlega, og flaska undan gin, nærri full af vatni. Fundust fingraför ákærða á koníaksflöskunni og annarri gosdrykkjarflöskunni.

Í suðausturhorni herbergisins fannst hnífur úr ryðfríu stáli með tréskaftri. Blað hans var 20 sm langt, stínt, oddmjótt og alblóðugt. Leit út fyrir, að hnífnum hefði verið kastað á gólfið og að blóðdropar hefðu þá hrokkið upp á þilið.

Undir legubekknunum, sem líkið lá á, fannst hrátt stykki af bjúga, og var höggvið víða í það, sýnilega með beittum hníf. Tveir minni bitar af sams konar bjúga fundust, annar á legubekknunum við norðurvegginn, en hinn á gólfinu.

Líkið var flutt í Rannsóknarstofu Háskólans, og fór þar fram réttarkrufning hinn 3. sama mánaðar. Í skýrslu Niels Dungals prófessors fyrir hönd rannsóknarstofunnar um krufninguna er líkinu, sem var mjög blóðugt um andlit og víðar, lýst, og er niðurstaða rannsóknarstofunnar þessi:

„Við krufninguna fundust tvö stungusár í holhöndinni v. m., og hafði annað þeirra stungizt í gegnum vinstra lungað, en hitt í gegnum hryggæðina, og hafði það sýnilega verið tvístungið, og náði önnur stungan alveg í gegnum hryggæðina. Stungan í lunganu hafði farið í gegnum berkjur og æðar, svo að konan hefur fengið mikla blóðspýju og blóðið gusazt út um munn og nef. Stungan á hryggæðinni hefur fljótt valdið mikilli blæðingu inn í brjósthól, og er sýnilegt, að hnífnum hefur verið kippt nokkuð út og hann síðan rekinn aftur í gegnum æðina. Þessar stungur í gegnum lunga og hryggæð hafa fljótt valdið bana með fossandi blæðingum.“

Hin látna var Sigríður Hreiðar Sigurgeirsdóttir, Skólavörðustíg 35, fædd 5. ágúst 1921. Hafði hún alla tíð átt heima hjá foreldrum sínum, nefndum Sigurgeir Guðnasyni og konu hans, Ingunni Guðrúnu Jónínu Ólafsdóttur, og þar á heimilinu ólst upp dóttir hennar.

ar, áðurnefnd Ingunn Ólafsdóttir. Fyrir 2—3 árum höfðu Sigríður og ákærði opinberað trúlofun sína, og einn son áttu þau saman, Sigurgeir að nafni, fæddan 25. nóvember 1955, sem Sigríður ól upp.

Upplýst er, að samkomulag ákærða og Sigríðar eftir opinberun trúlofunarinnar var miður gott með köflum, og virðist það einkum hafa stafað af áfengisneyzlu ákærða, geðofsaköstum hans, þegar hann var undir áfengisáhrifum, og mikilli afbrýðisemi hans, sem hann þó telur eigi hafa átt við rök að styðjast. Gekk þetta ósamkomulag oftár en einu sinni svo langt, að Sigríður tók ofan trúlofunarhringinn, en fyrir fortölur ákærða og móður hennar setti hún þó hringinn ætíð upp aftur. Síðastliðið haust eða í vetur ákváðu þau, ákærði og Sigríður, að fara að búa saman, og til þess að svo mætti verða, festi ákærði í sl. nóvembermánuði, að því er virðist, kaup á íbúð í rishæðinni í Eskihlíð 12 B hér í bæ. Síðan vann hann nokkuð að lagfæringum á íbúðinni, og virðist ætlunin hafa verið, að þau færu að búa þar skömmum tíma eftir, að sá atburður varð, sem mál þetta er af risið.

Á sl. vetrarvertíð var ákærði landmaður við v/b Vilborgu, KE 51, í Keflavík, en kom öðru hverju hingað til bæjarins og bjó þá í nefndri risíbúð. Hefur hann skýrt svo frá, að sér hafi virzt Sigríður lítt ánægð með íbúðina og að sér hafi virzt hún draga allt á langinn með, að sambúð þeirra hæfist. Í sumar og haust og það, sem af var vetrinum, hafði mjög sótt á hann grunur um ótryggð Sigríðar við sig. Eigi er í ljós leitt, að hún hafi veitt nokkurt tilefni til þessa grunar, og hefur ákærði sjálfur, eins og áður segir, talið hann ástæðulausan eða á misskilningi byggðan. Eftir því sem tíminn leið, settist afbrýðisemin meir og meir að honum, og leiddi hún hann til þess að kaupa hníf þann, sem áður er nefndur. Var það nokkrum dögum fyrir 1. marz, að hann keypti hnífinn í verzlun einni hér í bænum með það í huga að nota hann annaðhvort á sjálfan sig eða Sigríði, þó frekar á sjálfan sig. Fannst honum hann ekki geta lifað, ef hann missti Sigríðar, né geta unnt neinum öðrum manni að njóta hennar. Með hnífinn fór hann úr verzluninni heim í íbúðina í Eskihlíð 12 B, og þar var hann síðan, unz lögreglan tók hann.

Föstudagskvöldið 28. febrúar sl. kom ákærði hingað til bæjarins og fór að mála í íbúðinni. Eigi kom Sigríður til hans það kvöld, og segir hann hana hafa borið við annríki. Morguninn eftir keypti hann bjúgað og einnig koníaksflöskuna, en hann kveðst hafa lofað Sigríði því á föstudagskvöldið að kaupa flösk-

una, því að hún hafi haft við orð að koma ekki til hans á laugardagskvöldið að öðrum kosti. Þegar hann kom með bjúgað upp í íbúðina, settist það að honum, að Sigríður hefði eigi komið til hans kvöldið áður og sett það skilyrði fyrir komu sinni til hans þetta kvöld, að hann hefði koniák. Flaug honum þá í hug að stytta sér aldur með hnífnum, og í því sambandi reyndi hann hnífinn á bjúganu, sem hann kastaði síðan frá sér í herberginu. Eigi beitti hann þó hnífnum á sjálfan sig í þetta sinn.

Á laugardaginn var ákærði að vinna í íbúðinni. Sigríður kom þá til hans með miðaftanskaffið, og drukku þau þá lítið eitt úr koniaksflöskunni. Fyrir kvöldverðartíma fóru þau heim til Sigríðar á Skólavörðustíg 35. Þar borðuðu þau kvöldverð, og kveðst Sigurgeir Guðnason þá eigi hafa séð nein áfengisáhrif á þeim. Eftir kvöldverðinn fóru þau saman gangandi suður í Eskihlíð 12 B, og af því að Sigríði langaði á dansleik um kvöldið, klæddi hún sig til slíkrar ferðar.

Frá þessum tíma og fram að andláti Sigríðar er ákærði einn til frásagnar um, hvað þeim fór á milli. Skýrsla hans um þetta var í fyrstu nokkuð á reiki og blönduð ósannindum, svo sem að tveir grímuklæddir menn honum óþekktir hefðu átt þátt í því, sem fyrir kom, en hin endanlega játning hans er á þá leið, sem nú mun verða rakin:

Á leiðinni frá Skólavörðustíg 35 að Eskihlíð 12 B keypti ákærði gosdrykkjaflöskur og súkkulaði, sem hann hafði með sér inn í íbúðina. Þegar þangað var komið, færði Sigríður í tal, að þau færu á dansleik, en það vildi ákærði ekki. Urðu deilur milli þeirra um þetta, en þær hjöðnuðu niður. Þau fóru nú að neyta koniaksins og blönduðu það í gosdrykkinn, sem ákærði keypti á leiðinni. Þegar til þess kom að opna gosdrykkjaflöskurnar og ákærði hafði árangurslaust reynt að nota til þess járníð á dyrakarminum, datt honum í hug að nota til þess áðurnefndan hníf. Sótti hann því hnífinn og ætlaði að stinga með honum gat á flöskuhettuna, en þá minnti Sigríður hann á annan hníf með flöskuupptakara í eldhúsinu. Ákærði náði þá í þann hníf og notaði hann, en lagði stóra hnífinn á borðið framan við legubekkinn við suðurvegginn. Þau háttuðu á þennan legubekk og höfðu samfarir saman, og lifði ljós á meðan, bæði í loftinu og á borðlampa, sem stóð á sængurfatakistu andspænis legubekknunum. Upp úr þessu slokknuðu ljósin allt í einu. Ákærði hélt, að öryggi hefði bilað, smeygði sér í buxur og fór fram á ganginn, þar sem öryggjataflan var, aðgætti örygginn og sá ekki neitt

athugavert við þau. Fór hann síðan aftur inn í herbergið og lagðist upp í legubekkinn fyrir framan Sigríði, en rétt á eftir lifnuðu ljósin. Er upplýst, bæði með vottorði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og skýrslum vitna úr sama húsi og nágrenni, að rafmagnsbilun varð í þessu hverfi klukkan langt gengin ellefu þetta kvöld. Samkvæmt bókum Varastöðvarinnar var ljóslost í Eskihlíðarhverfi frá kl. 22.50 til kl. 22.56, en tilsvareandi tíma-setningar í bókum Elliðaárstöðvarinnar eru 22.45 og 22.55.

Skömmu eftir þetta klæddi ákærði sig í öll fót sín nema jakkann og fór fram í vaskahús íbúðarinnar og sótti vatn í tóma áfengisflösku, sem var í herberginu. Var hann dálitla stund að þessu, en þegar hann kom aftur inn í herbergið, var Sigríður sett framan á og hélt sænginni yfir kjöltu sína. Man ákærði, að þau sátu eftir þetta framan á legubekknunum, hann við rúm-fatakistu við höfðalagið, en hún til vinstri við hann. Voru þau þá að tala saman og lentu í orðakasti. Ákærði reiddist og fór að brigzla henni um ótryggð við sig. Hann kom þá auga á hnífinn, og í reiði og æðiskasti tók hann hnífinn og stakk honum í sjálfan sig. Prófessor Níels Dungal athugaði áverka ákærða hinn 4. marz sl., og var hann tveggja sm langt sár neðan- og innanvert við hægri geirvörtu. Af útliti sársins má ráða, segir í vottorði prófessorsins, að það hafi hlotizt af hnífstungu, og hljóti hnífnum að hafa verið beitt ofan frá og niður eftir.

Þegar ákærði stakk í sig hnífnum, segir hann, að Sigríður hafi sagt eitthvað á þessa leið: „Ég held, að þú hefir átt að vera búinn að gera þetta fyrr.“ — Trylltist þá ákærði, óð að henni með hnífinn, þar sem hún var sett upp í legubekkinn, í hornið við pilið og rúmfatakistuna, og bað guð að hjálpa sér og stakk hnífnum í síðu hennar. Óljóst kveðst hann muna eftir sér í þessu voðakasti og ekki minnst þess að hafa stungið Sigríði nema eina stungu, en þó eigi efast um, að áverkarnir á líkinu séu eftir sig í þetta skipti. Hann rámar í, að hann legði Sigríði út af á legubekkinn og breiddi sængina ofan á hana. Eigi man hann, hvort hún var rænulaus eða máttlaus, meðan hann var þarna. Eigi man hann, hvað hann gerði við hnífinn, en telur sennilegt, að hann hafi kastað honum frá sér. Hann kveðst hafa orðið yfir sig hræddur, klætt sig í utanyfirblússuna og farið út í skyndi og eigi muna, hvort hann skellti hurðinni í lás.

Um áfengisneyzlu sína og Sigríðar þetta kvöld heldur ákærði því fram, að þau hafi tæmt koníaksflöskuna, og hafi hann fundið

á sér áfengisáhrif, þótt eigi geri hann mikið úr þeim. Segir hann Sigríði einnig hafa verið eitthvað kennda, en í blóði hennar fannst 0,89% alkóhól.

Frá Eskihlíð 12 B fór ákærði á Miklatorg, sem er þar skammt frá, og fékk bifreið með sig að bifreiðastöðinni Hreyfli. Þar keypti hann ákavítisflösku og fékk síðan bifreið með sig til Grindavíkur, en henni stýrði Baldvin Einar Skúlason, Digranesvegi 24 í Kópavogi.

Ákærði kveðst ekki muna eftir ferðinni nema óljóst, en sig rámi í að hafa komið í henni til Keflavíkur.

Vitnið Baldvin Einar Skúlason hefur skýrt svo frá, að ákærði, sem hafi komið á stöðina um miðnættið, hafi setið við hlið sér í ferðinni, neytt áfengis og verið greinilega undir áhrifum þess. Í Hafnarfirði var numið staðar, og sýndi ákærði vitninu þá áverka sinn og sagði því ósanna sögu um orsakir hans. Að til-mælum ákærða ók vitnið með hann til Keflavíkur að skúr, sem skipshöfnin á v/b Vilborgu bjó í.

Þar náði hann tali af ráðskonunni, Rósu Jóhannsdóttur, Hauganesi á Árskógsströnd. Hefur hún skýrt svo frá, að ákærði hafi komið um klukkan eitt um nóttina og verið mjög æstur, órór og eiginlega hálfkjökrandi, en eigi hafi hún getað merkt, að hann væri undir áfengisáhrifum. Hann sýndi henni blóðug fót sín og sagði henni sams konar sögu um orsök þessa og vitninu Baldvin Einari Skúlasyni um orsök áverkans. Segir hún tal hans hafa verið mjög ruglingslegt og að illt hafi verið að skilja hann.

Þegar hann hafði talað við ráðskonuna í um tíu mínútur, fór hann á brott, og ók bílstjórinn þá með hann heim til hans að Skálholti í Grindavík. Beið bílstjórinn úti fyrir, meðan ákærði sótti peningana inn til að greiða með ökugjaldið, en þá fékk hann hjá föður sínum.

Foreldrar ákærða, Guðlaugur Guðjónsson og Guðmunda Guðrún Guðnadóttir í Skálholti, skýra svo frá, að þau hafi ekki vitað fyrri til en ákærði var kominn inn að rúmi þeirra klukkan að ganga tvö um nóttina. Var þá sýnilega eitthvað óvenjulegt á seyði, því að nankinsblússa ákærða var flakandi frá honum og skyrtnan löðrandi í blóði framanvert á hægri síðu. Guðlaugur spurði ákærða, hvernig á þessu stæði, og fékk það svar, að Sigríður hefði stungið hann (því hélt ákærði fram í byrjun rann-sóknarinnar), en þá hefði hann alveg orðið brjáláður, ekki vit-að, hvað hann gerði, og drepði hana. Sagði hann, að þau hefðu bæði verið dauðadrukkin og lent í orðasennu, sem hefði endað

svona. Ákærði var í mjög mikilli geðshræringu og brast í ofsalegan grát, fljótlega eftir að hann skýrði foreldrum sínum frá þessu. Faðir hans, sem lagði engan trúnað á sögu hans og taldi hana einbera hugaróra, ráðlagði ákærða að leggja sig, meðan náð væri í lækni handa honum, en ákærði aftók það og kvaðst mundu fyrirfara sér. Tók hann allt úr vösum sínum, kvaddi foreldra sína með þeim ummælum, að hann mundi ekki sjá þau framar. Sagðist hann ætla til systra sinna tveggja og kveðja þær.

Faðir hans sá hann fara inn í húsið Sólberg, sem er skammt frá Skálholti, en þar býr Stefanía, systir hans, og maður hennar, Símon Sigurjón Þorsteinsson skipstjóri. Símon tók á móti ákærða, sem sagði honum eins og foreldrum sínum, að hann hefði drepíð unnustu sína, eftir að hún hefði stungið hann.

Síðan fóru Símon og Guðjón eldri, bróðir ákærða, með hann til Guðjóns Klemenzonar, lækni í Ytri-Njarðvík, sem skoðaði sár hans og kom honum fyrir í sjúkrahúsinu í Keflavík, og var klukkan þá 5½ um morguninn. Í sjúkrahúsinu var hann til klukkan 12.15 um daginn, en þá fékk hann leigubíl með sig til Reykjavíkur.

Hann kveðst hafa ætlað að gefa sig fram við Sigurgeir Guðnason og látið bílinn aka Skólavörðustíg, en þegar hann hafi séð Sigurgeir á húströppunum, hafi sig brostið kjark til að gefa sig fram. Lét hann þá bílinn aka viðstöðulaust áleiðis til Grindavíkur. Þangað kom hann um kl. 14.30 og var þá að sögn föður hans og Jóns, bróður hans, mjög eirðarlaus og talaði um að fyrirfara sér. Jóni, bróður sínum, sagði hann, að unnusta sín hefði stungið hann með hníf og hann þá orðið yfir sig reiður og skorið hana á háls. Eftir að ákærði kom heim til sín í þetta skipti, dvaldist hann að mestu í herbergi sínu, unz lögreglan í Reykjavík handtók hann um kvöldið.

Í rannsókn málsins kom fram, að ákærði leitaði síðastliðið haust til Gunnars lækni Benjamínssonar hér í bæ, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, og bar fram við hann kvartanir um ýmiss konar taugaveiklunarvanlíðan. Læknirinn kvað hann hafa psychonevrosis anxiosa depressiva og lét honum í té lyfseðil á viðeigandi lyf, sagði honum að koma til sín aftur, þegar lyfið væri til þurrðar gengið, en eigi leitaði ákærði aftur til hans.

Þórði Möller, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, lækni í sjúkrahúsinu á Kleppi, var falin rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og var ákærði vegna rannsóknar þessarar fluttur í sjúkrahúsið

hinn 12. marz sl. Í álitssgerð sérfræðingsins, dagsettri 1. f. m., er í stórum dráttum rakinn æviferill ákærða, þar á meðal samband hans við Sigríði og afbrýðisemi hans. Þá er skýrt frá því, að greind hans hafi reynzt langt fyrir neðan meðallag, greindarvísitala 76, greindaraldur 11 ár og 4 mánuðir. Segir síðan í niðurlagi álitssgerðarinnar:

„Um er að ræða treggefinn og tilfinnanlega vanþroska mann, Guðjón M. Guðlaugsson, 32 ára gamlan sjómann, sem alinn er upp undir verndarvæng foreldrahúsanna og hefur aldrei þaðan farið til langdvala. Hann er seinn til máls og greinilega aftur úr miðað við jafnaldra sína. Honum hættir til nokkuð ofsalegra skapbrigða, en er fljótur að jafna sig aftur. Um eða upp úr 18 ára aldri fer hann að drekka, og kemur það fljótt í ljós, að honum hættir til að verða sérlega erfiður við vín, og lendir hann hvað eftir annað í handalögmáli undir þeim kringumstæðum. Talsvert mikil brögð eru að drykkjuskap hans, sem nú hefur staðið í 13—14 ár. Síðastliðið ár eða rúmlega það tekur líka að bera á því, að hann er að verða önglyndur og erfiður í umgengni og afbrýðihugmyndir fara að verða mjög áberandi hjá honum gagnvart unnustu hans, sem hann kynntist fyrir rúmum 5 árum og hefur verið trúlofaður sl. 3 ár. Eftir að hann kemur af síldarvertíð sl. sumar, versnar þetta um allan helm-ing, svo að aðstandendur hans hafa áhyggjur af honum. Nokkrar líkur benda til þess, að fyrir óheppilega tilviljun hafi óeðlileg afbrýðisemi hans versnað að mun fyrir stríðni félaganna, en um það verður þó ekkert fullyrt. Ekki er þó vitað um neina breytingu á fyrirætlunum hans um að stofna heimili, og festir hann því kaup á risibúð hér í bæ, þótt hann kvíði því hins vegar að þurfa að flytjast sunnan að. Vinnur hann við lagfæringu á henni í frístundum sínum.

1. marz sl. eru þau þar bæði að neyta nokkurs magns áfengis. Kemur Guðjón þá enn fram með afbrýðisemi sína, og ásakar hann unnustu sína fyrir ótrúmennsku, en hún tekur því fjarri. Lenda þau í orðakasti um þetta, og lýktar með því, að Guðjón leggur til hennar með hnífi, sem þar var nærri, svo að hún bíður bana.

Álit mitt á Guðjóni M. Guðlaugssyni er því:

Hann er hvorki geðveikur, geðveill né fáviti, heldur mjög treggefinn maður og hætt til ofsalegra tilfinningaviðbragða, sem að auki hefur neytt áfengis í óhófi meira og minna í 13—14 ár; og verður að gera ráð fyrir, að vanþroska heili hans hafi þolað

það illa og því komið fyrr fram en venjulegt er ýmis einkenni eftir langvarandi áfengiseitrun (alcoholismus chronicus), svo sem önglyndi og sjúkleg afbrýðisemi. Undir áhrifum áfengis (sem veiklar tilfinningahömlur hans, sem að auki eru lélegar að upplagi og slævðar af langvinnri áfengiseitrun) verður hann svo til þess að bana unnustu sinni í ofsareiði.“

Samkvæmt þeim málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, er sannað, að ákærði svipti af ásettu ráði unnustu sína, Sigríði Hreiðar Sigurgeirsdóttur, lífi með hnífstungum að kvöldi 1. marz sl. Þetta gerði hann að vísu í geðofsakasti og undir nokkrum áfengisáhrifum, en þó að nokkru leyti fyrirhugað, þar sem hann hafði fáeinum dögum áður keypt hnífinn í því skyni að ráða sér eða unnustu sinni bana. Þessi verknaður ákærða varðar við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og þar sem geðheilbrigðisrannsókn hefur leitt í ljós, að ákærði er sakhæfur, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, ber gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 3. marz sl. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., sömu laga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda málsins, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5.000,00 til hvors.

Þórður Björnsson, settur sakadómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Magnússon Guðlaugsson, sæti fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 3. marz 1958 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 5.000,00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.